

HEKLAN



ATVINNUPRÓUNARFÉLAG
SUÐURNESJA

75. fundur Hekllunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 10. desember 2019 kl. 8:30 á skrifstofu SSS, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt: Sigurgestur Guðlaugsson, Magnús Stefánsson, Fannar Jónasson, Ásgeir Eiríksson, Guðjón Skúlason ásamt Berglind Kristinsdóttur sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:


- 1. Drög að Sóknaráætlun Suðurnesja 2020-2024 – kynning.**
Berglind fór yfir drög að sóknaráætlun fyrir árin 2010-20124. Stefnt er að því að hún verði samþykkt. Stjórn lýsir yfir ánægju með áherslur og sköpuðust umræður um hvernig skuli vinna í því að ná markmiðum.
- 2. Fjárlög 2020 – framlög til ríkisstofnanna á Suðurnesjum.**
Berglind kynnti skýrsluna: Suðurnes í fjárlagafrumvarpi 2020. Umræður sköpuðust um fjármagn til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og er samróma álit stjórnar að talað sé fyrir daufum eyrum stjórnvalda hvað varðar aukið fjármagn til stofnunarinnar. Mismunur í fjárframlögum til menntastofnana á svæðinu kom einnig til umræðu.
- 3. Umsókn í Uppbyggingarsjóð – Matarkistan Reykjanes.**
a) Svarbréf frá Uppbyggingarsjóði dags. 26.11.2019
Þuríður Aradóttir frá Markaðsstofu Reykjaness kynnti umsókn sem samþykkt var í Uppbyggingarsjóð Suðurnesja.
- 4. Skemmtiferðaskip á Reykjanesi – kynning.**
a) Vinnustofa 18. september. Samantekt og niðurstöður.
Þuríður kynnti niðurstöður fundar um verkefnið. Verkefnastjóra falið að halda kynningar um verkefnið fyrir hafnarstjóra og starfsmenn Grindavíkurbæjar og Suðurnesjabæjar.
- 5. Samstarfshópur um aukna fagþekkingu, bættu hönnun og samræmingu merkinga á ferðamannastöðum. Stöðuyfirlit 25.11.2019.**
Þuríður fór yfir stöðuna á verkefninu. Verkefnastjóra falið að senda frekari upplýsingar til sveitafélaga. Lagt fram.

B.L. 
Junn 
M.B.

6. **Skýrsla um flugvöll í Hvassahrauni.**
<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=02cff95b-1200-11ea-9453-005056bc4d74>
Kynning á skýrslu og hún lögð fram fyrir stjórn.
7. **Atvinnuleysistödlur.**
Berglind kynnti tölur fyrir stjórn. Atvinnuleysi eykst í öllum bæjarfélögum. Heildaratvinnuleysi svæðisins er 7,3% sem er langt yfir landsmeðaltali sem er 3,4%.
8. **Önnur mál.**
Erindi Ferðamálasamtaka Reykjaness um ósk um styrk til til að fylgja átaki FMS eftir. Stjórn Hekluunnar og Markaðstofu Reykjaness vísar erindinu áfram til stjórnar SSS.

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 10:10.


Pjetur Þorvaldursson
Guðmundur Guðmundsson
Lárus Guðmundsson
Berglind Guðmundsdóttir